



**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. rikissjóðs  
annars vegar  
og  
Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands og Kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands  
hins vegar  
gera með sér svofellt**

**SAMKOMULAG**  
**um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**Inngangur**

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma ásamt bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfellu og einfalda og samræma kjarasamninga. Grundvallarmarkmið samningsaðila verði að fylgja sömu meginforsendum og kjarasamningar á almennum markaði byggja á hvað varðar launabreytingar og samningstíma.

Unnið verður eftir viðræðuáætlun sem gerð verði samhliða og í samræmi við sameiginlegar forsendur og markmið aðila vinnumarkaðarins eins og lýst er í bókun 5.

**1. Hluti**

**Framlenging gildandi kjarasamninga**

**1. gr.**

**Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. mars 2014 til 30. apríl 2015 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.**

**Laun**

Frá og með 1. mars 2014 gildir launatafla í fylgiskjali 1.

1.4.2015: Eingreiðsla 20.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í febrúar 2015. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausleyfi.

to  
DS AS

### 3. gr.

#### Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014      73.600 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014      39.500 kr.

### 4. gr.

#### Framlagning vaktskrár

2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

*Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.*

### 5. gr.

#### Vinnusókn og ferðir

5.4.2.3 Þær stofnanir sem staðsettar eru a.m.k. 1,5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslur ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

### 6. gr.

10.3.1 Ríkissjóður greiðir mánaðarlega framlag í Vísinda- og starfsmenntunarsjóð Stéttarfélags verkfræðinga sem nemur 1,11% af heildarlaunum félagsmanna en frá 1. janúar 2015 skal framlagið verða 1,72% af dagvinnulaunum.

Áð  
DX H.S.

7. gr.

**Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjöllum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 15. maí 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 30. apríl 2014

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og  
Kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands

með fyrirvara um samþykki

með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Daguný Jónsdóttir  
Einar Starpanósson  
Ólafur Ólafsson

Haraldur Guðmundsson  
Þórunn Þórunn Þórunn  
Áshjörnn Ólafsson  
Þórunn Þórunn Þórunn



**Bókanir með kjarasamningi  
fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs  
og  
Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands og Kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands  
hins vegar**

**dags. 30. apríl 2014**

**Bókun 1**

Frá og með 1. janúar 2015 verður mánaðarlegt framlag í Vísinda- og starfsmenntunarsjóð Stéttarfélags verkfræðinga 1,72% af dagvinnulaunum félagsmanna sbr. 10.3.1.

Samingsaðilar eru sammála að með hækkun iðgjalds í Vísinda- og starfsmenntasjóð er hægt að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði stéttarfélaga á stofnunum ríkisins. Í því sambandi skal meðal annars fara yfir og endurmeta stöðu og skyldur trúnaðarmanna, halda námskeið á vegum stéttarfélag og stofnanna fyrir trúnaðarmenn og fulltrúa stéttarfélaga og stofnanna.

**Bókun 2**

Aðilar eru sammála um að hlutdeild í því stofnframlagi sem kom til vegna fyrirhugaðs samstarfs um starfsþróunarmál sem ekki gekk svo eftir séu 1.500.000 kr og greiðist til Vísinda- og starfsmenntunarsjóða félaganna eftir samþykki samnings þessa.

**Bókun 3**

Aðilar eru sammála um að framlengja bókun 1 með síðasta samningi aðila undirrituðum 27. júní 2011 en til þess að stíga fyrstu skref í þá veru eru aðila sammála um að leggja fjölskyldu- og styrktarsjóði til eingreiðslu að upphæð 2.500.000 kr til að greiða fyrir því forvarnarstarfi sem er komið af stað á vegum hans.

**Bókun 4**

Skv. grein 2.3.8 kjarasamnings þessa er starfsmönnum í samkomulagi við vinnuveitanda heimilt að safna frídögum vegna yfirvinnu á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar og frítöku en yfirvinnuálagið er greitt við næstu reglulegu útborgun. Hægt er að safna upp eins mörgum dögum vegna yfirvinnu og samkomulag verður um milli vinnuveitanda og starfsmanns en ljúka þarf töku frísins fyrir 15. apríl ár hvert annars er það greitt á dagvinnutaxta. Yfirvinnuálagið er gert upp á sérstakri launategund sem heitir yfirvinnuálag og er launategund 254 í launavinnslukerfinu. Yfirvinnuálag er 44,44% af yfirvinnutaxta starfsmanns og ávallt ber að greiða yfirvinnuálagið (skv. www.fjr.is).

Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun beita sér fyrir því að þær stofnanir ríkisins þar sem verk- og tæknifræðingar starfa virði þessa tilhögun og skal stofnunum sent bréf í apríl 2014 þar sem fram koma tilmæli ráðuneytisins til stofnana hvað þetta varðar.

#### **Bókun 5**

Samningsaðilar munu fylgjast með störfum samstarfsvettvangs milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda sem hefur það að markmiði að stuðla að varanlegum efnahags- og félagslegum stöðuleika sem er forsenda aukins kaupmáttar. Heildarsamtök á vinnumarkaði undirbúa nýtt íslenskt kjarasamningslíkan að norrænni fyrirmynd með það að markmiði að bæta vinnubrögð við kjarasamningsgerð. Samningsaðilar munu nýta þá reynslu og þekkingu sem þar verður til í sínu starfi. Aðilar munu ganga frá viðræðuáætlun í lok september 2014 vegna þeirra kjarasamninga sem framlengdir eru með samningi þessum og gilda 30. apríl 2015 með það fyrir augum að ljúka gerð nýrra samninga fyrir þann tíma.

AB - A'o  
DX

### Fylgiskjal 1

Með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands og Kjaradeild Verkfræðingafélags Íslands, dags 30. apríl 2014.

#### Launatafla tekur gildir 1. mars 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	269.602	275.803	282.004	288.205	294.405	300.606	306.807	313.008	319.209
02	282.812	289.317	295.821	302.326	308.831	315.335	321.840	328.345	334.849
03	296.104	302.914	309.725	316.535	323.346	330.156	336.966	343.777	350.587
04	310.021	317.151	324.282	331.412	338.543	345.673	352.804	359.934	367.065
05	324.592	332.058	339.523	346.989	354.454	361.920	369.386	376.851	384.317
06	339.848	347.665	355.481	363.298	371.114	378.931	386.747	394.564	402.380
07	355.821	364.005	372.189	380.373	388.557	396.740	404.924	413.108	421.292
08	372.545	381.114	389.682	398.251	406.819	415.388	423.956	432.525	441.093
09	390.427	399.407	408.387	417.366	426.346	435.326	444.306	453.286	462.266
10	409.167	418.578	427.989	437.400	446.810	456.221	465.632	475.043	484.454
11	428.743	438.604	448.465	458.326	468.187	478.048	487.910	497.771	507.632
12	449.307	459.641	469.975	480.309	490.643	500.977	511.311	521.645	531.979
13	471.323	482.163	493.004	503.844	514.685	525.525	536.366	547.206	558.046
14	494.418	505.790	517.161	528.533	539.904	551.276	562.648	574.019	585.391
15	518.644	530.573	542.502	554.430	566.359	578.288	590.217	602.146	614.074
16	544.058	556.571	569.085	581.598	594.111	606.625	619.138	631.651	644.165
17	571.261	584.400	597.539	610.678	623.817	636.956	650.095	663.234	676.373
18	599.824	613.620	627.416	641.212	655.008	668.804	682.600	696.396	710.192
19	635.813	650.437	665.060	679.684	694.308	708.931	723.555	738.179	752.803
20	673.962	689.463	704.964	720.465	735.967	751.468	766.969	782.470	797.971
21	714.400	730.831	747.262	763.694	780.125	796.556	812.987	829.418	845.850
22	757.264	774.681	792.098	809.515	826.932	844.349	861.766	879.184	896.601

Á  
DJ  
H.B.





**Samkomulag frá 1. apríl 2014 milli  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og**

**Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands og Kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands**

Leiðrétting á 6. grein:

10.3.1 Ríkissjóður greiðir mánaðarlega framlag í Vísinda- og starfsmenntunarsjóði félaganna sem nemur 1,11% af heildarlaunum félagsmanna en frá 1. janúar 2015 skal framlagið verða 1,72% af dagvinnulaunum.

Leiðrétting á Bókun 1:

Frá og með 1. janúar 2015 verður mánaðarlegt framlag í Vísinda- og starfsmenntunarsjóði félaganna 1,72% af dagvinnulaunum félagsmanna sbr. 10.3.1.

